



Sjúkratryggingar  
Íslands

# Ársskýrsla og staðtölur

20  
17

# Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	2
Hlutverk, framtíðarsýn og gildi	4
Rekstrarumhverfi og rekstur	5
Mannauður	7
Skipurit og skipulag	8
Lykiltölur	10
Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2017	12
<b>Sjúkratryggingar</b>	
Tafla 1.1 Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2008-2017, milljónir kr.	17
Tafla 1.2 Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2013-2017, í milljónum kr.	18
<b>Lyf</b>	
Tafla 1.3 Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2015-2017, millj. kr	19
Tafla 1.4 Lyfjaútgjöld SÍ, 25 kostnaðarmestu lyfjaflokkarnir 2015-2017, millj. kr.	20
Tafla 1.5 Lyfjaútgjöld vegna S-lyfja og leyfisskyldra lyfja 2012-2017	21
<b>Greiðslupáttökukerfið</b>	
Tafla 1.6 Útgjöld læknskostnaðar og þjálfunar, greiðslupáttökukerfi	22
Ítarefni: Nýtt greiðslupáttökukerfi frá maí 2017	23
<b>Lækniskostnaður</b>	
Tafla 1.7 Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2017	27
<b>Tannlækningar</b>	
Tafla 1.8 Fjöldi sjúklinga og útgjöld sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga 2008-2017	42
Tafla 1.9 Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarpáttöku SÍ 2008-2017	44
Ítarefni: Gjaldfrjálssar tannlækningar barna	45
<b>Hjálpartæki</b>	
Tafla 1.10 Hjálpartæki og næring, útgjöld flokkuð niður á útgjaldaflokka 2009-2017, milljónir króna	46
Tafla 1.11 Dæmi um úthlutun nokkurra hjálpartækja og útgjöld vegna þeirra 2009-2017	49
<b>Þjálfun</b>	
Tafla 1.12 Fjöldi sjúklinga og komur til sjúkrabjálfa á samt útgjöldum sjúkratrygginga 2013-2015	50
Tafla 1.13 Fjöldi sjúklinga í talþjálfun og fjöldi koma/skipta 2014-2017	51
Tafla 1.14 Fjöldi sjúklinga í iðjuþjálfun og fjöldi koma/skipta 2011-2017	53
<b>Annað</b>	
Tafla 1.15 Fjöldi sjúkrafluga 2015-2017	54
Tafla 1.16 Fjöldi umsókna um brýna meðferð erlendis (Siglinganefnd) 2009-2017	56
Tafla 1.17 Fjöldi greiddra mála og kostnaður við brýna meðferð erlendis 2009-2017, eftir sjúkdómsflokkum	57
<b>Slysatryggingar</b>	
Tafla 2.1 Helstu útgjaldaflokkar eftir greiðsluflokkum 2011-2017, þús. kr.	58
Tafla 2.2 Helstu útgjaldaflokkar eftir tryggingaflokkum 2011-2017, þús. kr.	59
Tafla 2.3 Fjöldi þeirra sem metnir hafa verið 10-49% öryrkjar í kjölfar slyss 2009-2017	60
Tafla 2.4 Greiðslur flokkaðar eftir tegund greiðslu 2012-2017, kr.	61
Tafla 2.5 Tilkynt slys, flokkuð niður á tegund tryggingar 2007-2017	62
<b>Sjúklingatrygging</b>	
Tafla 3.1 Sjúklingatrygging, fjöldi mála 2011-2017	63
<b>Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins</b>	
Tafla 4.1 Heildargreiðslur til heilsugæslustöðva árið 2017 og meðalgreiðslur	64
Tafla 4.2 Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöði í desember 2016 og 2017	65
<b>Öldrunarstofnanir</b>	
Tafla 5.1 Hjúkunar- og dvalarrými, fjöldi rýma og greiðslur árið 2017	67
Tafla 5.2 Dagdvöl, fjöldi rýma og greiðslur árið 2017	67
Tafla 5.3 Greiðslustuðull 2017, eftir heilbrigðisumdæmum	68
Tafla 5.4 Fjöldi einstaklinga í hjúkunar- og dvalarrýmum í desember 2017, skipt eftir kynjum og aldri	69
<b>Ársreikningar 2017</b>	
Sjúkratryggingar Íslands	72



## Inngangur forstjóra

María Heimisdóttir,  
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Frá því að síðasta ársskýrsla Sjúkratrygginga Íslands birtist hafa orðið þær breytingar hjá stofnuninni að Steingrímur Ari Arason fyrrv. forstjóri hefur látið af störfum og nýr forstjóri, María Heimisdóttir, tekið við. Það fellur því á nýjan forstjóra að fylgja þessari skýrslu úr hlaði.

Árið 2017 var um margt viðburðaríkt í starfsemi og ýmis ný verkefni og umfangsmikil voru færð undir stofnunina.

Þann 1. maí 2017 tók gildi ný reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra sem krafðist mikillar vinnu starfsmanna Sjúkratrygginga við að innleiða og koma í gagnið. Þá var samið um breytt greiðslufyrirkomulag við heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem gengið var frá samningi við Landspítala um breytt fyrirkomulag fjármögnunar með því að taka upp svokallað DRG

fjármögnunarlíkan, en þeirri vinnu er enn ekki lokið.

### Umfang Sjúkratrygginga Íslands

Þó nokkrar breytingar hafa átt sér stað með nýjum lögum um opinber fjármál og hefur það tekið tíma að greiða úr þeim álitafnum sem fylgdu í kjölfarið. Á árinu 2017 nam heildarrekstrarkostnaður Sjúkratrygginga um 1.792 milljónum króna. Heildargreiðslur til sjúkratryggðra og veitenda heilbrigðisþjónustu á fjárlagaliðum í umsjón SÍ námu 85 milljörðum króna árið 2017 og voru útgjöld öldrunarstofnana þar af tæplega 30 milljarðar króna.

Á árinu var fyrirsjáanlegt að halli yrði á gjaldaliðum sjúkratrygginga upp á um 4.778 milljónir króna en með fjárákaloðum lækkaði hallinn í 668 milljónir. Enn þarf að vinna að því að lagfæra halla á þessum lið, sem færðist yfir á rekstrarárið 2018.

### Fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslustöðvar

Í ársbyrjun 2017 var innleitt nýtt fyrirkomulag um fjármögnun heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu sem miðar við að fjármagn sem greitt er hverri heilsugæslustöð endurspeglir þann hóp skjólstæðinga sem stöðin sinnir. Á árinu bættust við tvær nýjar heilsugæslustöðvar og fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöðvum jókst um 5,5%. Þá sóttu um 30% skráðra einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu þjónustu til læknavaktarinnar.

Í framtíðinni er gert ráð fyrir að heilsugæslustöðvar á landinu öllu tengist þessu kerfi.

### Nýtt greiðsluþátttökukerfi

Ný reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra var birt á árinu 2017 og fengu starfsmenn Sjúkratrygginga mjög skamman tíma til að vinna að innleiðingu þess. Með ötulli vinnu

og samhentu átaki tókst það og eiga starfsmenn Sjúkratrygginga og þjónustuaðilar sem að þessu verki unnu þakkir skyldar. Enn eru nokkur atriði í kerfinu sem þarf að lagfæra, en á heildina litið og miðað við þann tíma sem til ráðstöfunar var er ekki við öðru að búast. Unnið verður áfram í því að endubæta og laga kerfið til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stofnunarinnar.

Meginmarkmið nýrrar reglugerðar um greiðsluþátttöku var að lækka kostnað einstaklinga sem þurfa mikið á heilbrigðisþjónustu að halda og að jafna kostnað notenda þjónustunnar, m.a. með tilfærslum innan kerfisins.

Á árinu 2017 ollu ört hækkandi greiðslur til sérgreinalækna aðilum miklum áhyggjum og var sú ákvörðun tekin að taka ekki nýja lækna inn á rammisamning um þjónustu þeirra. Með niðurstöðu héraðsdóms var staðfest að faglegt mat skyldi fara fram áður en tekin væri afstaða til umsókn nýrra lækna inn á samninginn

**Ný fjármögnun Landspítala með DRG**  
 Á árinu var áfram unnið að upptöku nýrrar aðferðar við fjármögnun Landspítala með svokölluðu DRG kerfi og var samningur aðila þar um framlengdur til ársins 2019. Innleiðing DRG kerfisins hefur reynst umfangsmeiri og flóknari en upphaflega var gert ráð fyrir og koma þar margar ástæður til..

**Ný heimkynni Sjúkratrygginga**  
 Á árinu 2017 var tekin sú ákvörðun að flytja alla starfsemi stofnunarinnar á einn stað að Vínlandsleið 14 – 16. Mikil vinna hefur verið lögð í að undirbúa þennan flutning og hafa starfsmenn lagt mikið á sig við verkefnið. Með flutningnum verða tekin upp breytt og bætt vinnuskilyrði þar sem starfsmenn starfa í verkefnamiðuðu umhverfi. Í því felst að engin starfsmaður á fasta vinnustöð, en gert er ráð fyrir að þeir flytji sig milli stöðva eftir því sem hentar í hvert sinn. Starfstöðvar eru jafnframt af ýmsum toga og eiga að taka mið af því hvort starfsmaður er að vinna einn eða í hóp með öðrum. Ekki verður annað sagt en að þetta fyrirkomulag hafi

tekist með ágætum og eru starfsstöðvar bæði bjartar og heimilislegar.

**Stjórn Sjúkratrygginga árið 2017**  
 Þann 12. apríl 2017 skipaði heilbrigðisráðherra Óttar Proppé, Brynhildi S. Björnsdóttur formann stjórnar Sjúkratrygginga í stað Hákonar Stefánssonar, sem tók frá sama tíma sæti í stjórninni sem almennur stjórnarmaður.



Ljósmynd ASK arkitektar



# Hlutverk, framtíðarsýn og gildi

## Hlutverk Sjúkratrygginga Íslands

Að tryggja aðgang að góðri og hagkvæmri heilbrigðisþjónustu.

Meginverkefni Sjúkratrygginga Íslands eru að:

- annast framkvæmd sjúkratrygginga
- semja um heilbrigðisþjónustu
- annast kaup á vöru og þjónustu sem stofnuninni ber að veita
- greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum og samningum
- hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum
- sinna öðrum verkefnum sem stofn uninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.



## Gildi Sjúkratrygginga Íslands

### Virðing

- Við berum hag viðskiptavina fyrir brjósti
- Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og verkefnum okkar og leggjum okkur fram um að vinna sem liðsheild

## Framtíðarsýn Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar Íslands eru framsækin stofnun sem nýtur trausts og virðingar í samfélaginu.

- Markviss þróun og fagleg vinnubrögð skapa orðspor sem endurspeglar nútíma lega og áreiðanlega stofnun.
- Stofnunin er þekkt í samfélaginu fyrir gagnsæi, jafnræði og árangur

Sí veita þjónustu sem er aðgengileg og lipur.

- Lögð er áhersla á rafræna og skilvirka þjónustu sem auðveldar viðskiptavinum samskipti og tryggir jafnræði og gagnsæi.
- Þjónustan er einstaklingsmiðuð og byggir á vel skilgreindum réttindum. Upplýsingagjöf er skýr og miðuð að öllum hópum viðskiptavina.

Sí eru góður vinnustaður með hæft og ánægt starfsfólk.

- Starfsfólk sýnir metnað og er ánægt í starfi. Starfsfólk tekur virkan þátt í því að bæta vinnustaðinn og þjónustuna. Fræðsla og þjálfun skilar sér í síaukinni hæfni starfsmanna.
- Aðbúnaður starfsfólks er til fyrirmyndar og eftirsótt að starfa fyrir stofnunina

Sí vinna að gæðum og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu í góðu samstarfi við veitendur þjónustunnar.

- Samningar við veitendur heilbrigðisþjónustu tryggja góða og vel skilgreinda þjónustu.
- Hagkvæmni og traust kostnaðargreining eru lykilþættir um leið og jafnræðis er gætt. Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er árangursríkt

Sí eru ábyrg og vel rekin stofnun

- Agaður rekstur tryggir skilvirka starfsemi.
- Unnið er með hagsmunaaðilum að forgangsöröðun verkefna og ríkir gagnkvæm traust á milli þeirra.
- Verkaskipting er skýr og tekur skipulag stofnunarinnar mið af ríkjandi áherslum

### Fagmennska

- Við beitum öguðum vinnubrögðum sem endurspeglast í traustri þjónustu
- Við byggjum upp og nýtum þekkingu okkar til að veita þjónustu sem einkennist af sanngirni, jafnræði og gagnsæi

### Framsækni

- Við leitum sífellt leiða til að gera betur og vinnum markvisst með hugmyndir að umbótum
- Við lítum á áskoranir sem tækifæri og erum jákvæð gagnvart breytingum



# Rekstrarumhverfi og rekstur

## Rekstrarumhverfið almennt

Rekstrarumhverfi stofnunarinnar heldur áfram að vera erfitt þrátt fyrir nokkra aukningu í fjárheimildum sbr. meðfylgjandi ársreikning. Um 16 m.kr. halli var á rekstri ársins.

Eftir stendur að stór ný verkefni hafa ekki fengið fjármögnun í samræmi við þann kostnað sem SÍ leggja í þau. Undirmönnum þessara verkefna tekur svo til viðbótar verulegan kraft frá daglegri starfsemi og eykur þannig álag á starfsmenn.

Afleiðingin er sú að hægt gengur að skjóta nægjanlega styrkum stoðum undir reglubundna starfsemi og tryggja þar með festu og öryggi í daglegum rekstri.

Mikilvægt er að stofnuninni takist m.a. í samvinnu við Velferðarráðuneytið að vinna að eftirfarandi lykilverkefnum:

- Skilgreina og skýra hlutverk og áherslur í starfsemi SÍ
- Skilgreina lykilarangursmælikvarða í rekstri SÍ

• Styrkja innri rekstur stofnunarinnar. Bæði faglegan og rekstrarlegan. Á það bæði við upplýsingatækni og aðra starfsemi s.s. kynningarmál, gæðamál, innra eftirlit, ytra eftirlit, innri endurskoðun, persónuverndarmál, bókhald og uppgjörsmál, staðtölur og greiningar réttinda- og rekstrarmála.

## Ársreikningur 2017

Ný lög um opinber fjármál (LOF) hafa veruleg áhrif á innihald og framsetningu upplýsinga um starfsemina á árinu 2017. Vegna þessara breytinga er ekki unnt að birta samanburð við fyrra ár. Eini samanburðurinn sem er birtur er við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017. Helstu breytingar vegna LOF eru eftirfarandi:

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir og afskrifaðir í stað þess að gjaldfærast.
- Breyting á skuldbindingu vegna orlofsréttar er gjaldfærð / tekjufærð í



gegnum rekstur í stað þess að vera bara tilgreind sem skuldbinding í árslok.

- Fjárheimildir ársins eru lækkaðar um fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum og lagðar í sjóð (frestaðar tekjur) til að mæta framtíðarafskriftum viðkomandi eigna með sérstakri tekjufærslu.

## Afkoma ársins 2017

16 m.kr. rekstrarhalli varð á árinu 2017. Jákvæður höfuðstóll sem flyst til ársins 2018 er 7,9 m.kr.

## Fjármögnun starfsemi Sjúkratrygginga Íslands

Starfsemi stofnunarinnar er fjármögnuð af ríkisframlagi annars vegar og sértekjum / öðrum tekjum hins vegar. Heildartekjur 2017 voru tæplega 1,8 milljarðar. Af þeim eru um 790 m.kr. aðrar tekjur en framlag ríkissjóðs eða rétt tæp 45%. Nær allar „aðrar tekjur“ eru vegna kostnaðar við rekstur HTM.

## Helstu breytingar á tekjum milli ára

Rekstrartekjur stofnunarinnar jukust nokkuð frá fyrra ári. Annars vegar vegna stjórnunarkostnaðar slysatrygginga, 66,7 m.kr. sem fluttist á fjárlagalið SÍ, og hins vegar vegna viðbótarfjárheimilda til

nýrra verkefna.

Helstu breytingar á fjárheimildum:

- Millifærðar fjárheimildir af 08-208 kr. 66,7 m.kr.
- Sérstakt tímabundið framlag vegna nýrra verkefna þ.e. hjúkrunarheimila, heilsugæslu og DRG kr. 52,5 m.kr. (60 m.kr. brúttó) óskipt milli tegunda gjalda.
- Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri, 21,5 m.kr. í formi annarra gjalda
- Nýtt greiðsluþátttökukerfi, 20 m.kr. laun og 2,8 m.kr. starfsmannatengdur kostnaður
- Heilsugæsla samningar, eftirlit og greiðslumódel, laun 11,4 m.kr.
- Nýtt greiðsluþátttökukerfi, einskíptis framlag 10 m.kr.
- Heilsugæslan, einskíptis framlag, 10 m.kr.

## Sértekjur aðrar en vegna útgjalda réttindaflokks hjálpartækja

- Framlag til forritunar „stóru verkefnanna“ 15 m.kr.
- Sérstakt framlag frá VEL til bættar hljóðvistar að Vínlandsleið 12 m.kr.
- Framlag vegna yfirtöku verkefna frá TR vegna legukerfis, 10 m.kr.
- Innlausn 7,4 m.kr. af 15 m.kr. sérstakri fjárheimild vegna samstarfsverkefnis SÍ og VEL.

- *Innlausn af 5,5 m.kr. fjárheimild vegna stefnumörkunar stjórnar, 3,3 m.kr. Samtals komu þannig inn rúmlega 185 m.kr. í nýjum tekjum.*

### Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld eru um 62% af heildargjöldum stofnunarinnar og námu samtals um 1,1 milljarði á árinu.

Í lok árs 2017 voru starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands 125 talsins og ársverk 115,5. Launaútgjöld hækkuðu um 130,5 m.kr. á milli ára.

### Annar rekstrarkostnaður

Samtals annar rekstrarkostnaður er 674 m.kr. Stærstu liðir eru:

- Aðkeypt sérfræðiþjónusta 263 m.kr.
- Húsaleiga 132 m.kr.
- Kostnaðarhlutdeild hjálpartækja í sameiginlegum rekstri 125 m.kr.

- Prentun, póstur og flutningar 29 m.kr.
- Afnotagjöld af hugbúnaði 11 m.kr.

Af aðkeyptri sérfræðiþjónustu voru 182 m.kr. eða um 70% vegna rekstrar og nýsmíði tölvukerfa. Kostnaði við rekstur og nýsmíði tölvukerfa er skipt niður á um 25 mismunandi kerfi. Eftirfarandi eru þau 5 kerfi sem lagt var í yfir 10 m.kr. á árinu 2017.

Nýtt greiðslubátttökukerfi	54	m.kr.
Skjalakerfi	20	m.kr.
Heilsugæsla	16	m.kr.
Hjúkrunarheimili	15	m.kr.
Hjálpartæki	11	m.kr.



# Mannauður



Í lok árs 2017 voru starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands 125 talsins, sem er aukning um 4,2% frá fyrra ári. Ársverk voru samtals 115,54 sem er aukning um 8,0%. Flestir starfsmenn voru í fullu starfi.

Meðalaldur starfsfólks hjá Sjúkratryggingum Íslands er 49,4 ár. Um 44% starfsfólks eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu, 52% eru félagar í ýmsum háskólafélögum og fáeinir (4%) eru í öðrum stéttarfélögum. 74% starfsmanna eru konur.


Fjöldi veikindadaga á hvert ársverk voru að meðaltali 8,5 dagar (án langtímaveikinda\*) en 11,3 dagar þegar langtímaveikindi eru talin með. Umfang veikinda (án langtímaveikinda) hefur verið mjög svipað undanfarin ár.

\*Langtímaveikindi: Meira en 30 veikindadagar á ári.

Starfsmannavelta á árinu 2017 var 13,6%, sem er umtalsverð aukning frá árinu á undan.




Það voru nokkur atriði sem stóðu upp úr á árinu. Fyrst má nefna að jafnréttisáætlun Sjúkratrygginga Íslands var yfirfarin og staðfest af Jafnréttisstofu. Svo var stofnanasamningur Sí við SFR endurnýjaður og var samningurinn aðlagður að nýrri launatöflu SFR sem tók gildi á árinu. Samhliða var launasetning alls starfsfólks sem átti aðild að SFR varpað yfir í nýju launatöfluna. Mestur tími fór þó í vinnu í tengslum við sameiningu allra starfssemi Sí að Vínalandsleið. Á árinu var starfssemi verkstæðis og lagers flutt að Vínalandsleið 6-8 og í framhaldinu var hafist handa við breytingar á húsnæði að Vínalandsleið 16. Hafinn var undirbúningur fyrir flutnings starfssemi frá Rauðarárstíg 10 upp á Vínalandsleið 16. Ákvörðun var tekin um að taka upp verkefnaárið með vinnuumhverfi í nýju húsnæði með frjálsu sætavalí. Í framhaldinu fór fram margvísleg greiningarvinna vegna undirbúnings innleiðingar á verkefnaárið vinnuumhverfi. Á árinu fóru fram tvær viðhorfskannanir



meðal starfsfólks. Annars vegar var um að ræða árlega viðhorfskönnun Sí og hins vegar könnun um Stofnun ársins. Niðurstöður beggja kannana voru kynntar starfsfólki en þær sýndu svipaða eða lítillega lakari niðurstöðu en árið á undan.



# Skipulag og skipurit



## Stjórn Sjúkratrygginga Íslands

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands er skipuð af heilbrigðisráðherra.

Formaður stjórnar er Brynhildur S. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjá GG Verk efh., M.Sc í stjórnun og stefnumótun. Hún var skipuð af ráðherra í maí og tók hún við af Hákon Stefánssyni lögfræðingi en hann tók þá sæti sem aðalmaður í stjórninni.

Aðrir stjórnarmenn eru: Birna Kr. Svavarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Guðmundur Magnússon, rekstrarverkfræðingur, Berglind Hallgrímsdóttir, varaformaður, verkfræðingur, Guðjón Bjarni Hálfðánarson og Hákon Stefánsson lögfræðingur.

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka

henni langtímastefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.

Formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er

ekki í samræmi við fjárlög.

Formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.



## Fjármála- og rekstrarsvið

Svið fjármála og rekstrar er stoðsvið innan Sjúkratrygginga Íslands. Kjarnahlutverk sviðsins snýr því að því að sinna verkefnum / þáttum sem sameignlegir eru flestum eða öllum sviðum stofnunarinnar og hagkvæmara / betra er talið að sinna frá einum stað fremur en fela það hverju einstöku sviði.

Annar mikilvægur þáttur sem afmarkar starfsemi Fjármála- og rekstrarsviðs er aðgreining verkefna m.t.t. til innra eftirlits. Þannig er það almennt hlutverk fagsviða að ákvarða réttindi til sjúkratryggðra einstaklinga í samræmi við þær reglur sem um þau gilda og greiðslur til VHP í samræmi við samninga. Þegar slík ákvörðun liggur fyrir þá staðfesta fagsvið hana gagnvart Fjármálasviði sem í framhaldinu annast viðeigandi bókhaldsfærslur og greiðslu. Með þessari verkaskiptingu verður til staðar aðgreining á milli annars vegar ákvörðunar um réttindi til greiðslu og hins vegar útborgun réttinda.

## Tryggingasvið

Kjarnaverkefni Tryggingasviðs felast í tvennu. Annars vegar utanumhald réttinda og kostnaðarþátttöku sjúkratryggðra í heilbrigðisþjónustu. Hins vegar framkvæmd samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar falla undir sviðið tveir afmarkaðir málaflokkar sem eru slysatryggingar og sjúklingatrygging

## Viðskiptasvið

Hlutverk sviðsins er að greina þarfir hins sjúkratryggðra fyrir heilbrigðisþjónustu m.a. með tilliti til magns gæða og kostnaðar. Viðfangsefnin eru annars vegar ferlar tengdir kostnaðarhlutdeild lyfja og hins vegar þjónustu og vörukaup á heilbrigðissviði að undangengnu formlegu innkaupa og/ eða samningaferli.

## Þjónustu- og hjálpartækjamiðstöð

Kjarnaverkefni þjónustu- og hjálpartækjamiðstöðvar felast í þrennu. Utanumhald réttinda sjúkratryggðra er varðar hjálpartæki, framkvæmd samningar við söluaðila hjálpartækja og endurnýtingu og viðgerðir hjálpartækja. Að auki fellur undir sviðið rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir viðskiptavinum Sjúkratrygginga Íslands.



# Lykiltölur 2017

## Liðir í umsjá SÍ 2017 (í m.kr.):

Málefna- flokkur	Fjárlagaliður	Umfang greiðslna	2017
<b>Sjúkratryggingar:</b>			
24.20	08-206-111	Lækniskostnaður	10.370
26.10	08-206-115	Lyf	8.231
26.10	08-206-116	Lyf með S-merkingu	7.123
26.30	08-206-121	Hjálpartæki og næring	4.550
24.20	08-206-125	Hjúkrun í heimahúsum	251
24.30	08-206-131	Þjálfun	4.023
24.20	08-206-135	Tannlæknakostnaður	3.507
24.40	08-206-141	Sjúkraflutningar og ferðir innanlan	828
23.30	08-206-145	Brýn meðferð erlendis	1.798
23.30	08-206-151	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	435
24.20	08-206-191	Annað	493
<b>Samtals sjúkratryggingar:</b>			<b>41.610</b>
<b>29.60</b>	<b>08-211-110</b>	<b>Bætur vegna veikinda og slysa</b>	<b>1.693</b>
<b>Samtals útgjöld sjúkratrygginga og bóta v/veikinda og slysa</b>			<b>43.303</b>
Málefna- flokkur	Fjárlagaliður	Aðrir liðir umfang greiðslna	2017
24.20	08-383-101	Sjúkrahótel	177
25.10	08-403	Öldrunarstofnanir	26.665
25.10	08-447-101	Sóltún, Reykjavík	1.411
<b>Samtals</b>			<b>28.253</b>
<b>Samtals í greiðslu hjá SÍ</b>			<b>71.556</b>
Málefna- flokkur	Fjárlagaliður	Aðrir liðir í umsjá SÍ	2017
32.10	08-310-101	Krabbameinsfélag Íslands	400
25.20	08-388-110	Samtök áhugamanna um áfengisv	898
25.20	08-389-110	Aðrir samningar um endurhæfinga	2.850
25.10	08-444-101	Vífilsstaðir	663
24.40	08-501	Sjúkraflutningar	1.150
24.10	08-507	Heilsugæsluþjónusta skv. reiknilík	6.409
24.10	08-508-101	Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðb	1.436
<b>Samtals:</b>			<b>13.805</b>
<b>Samtals liðir í umsjá SÍ</b>			<b>85.361</b>





Aukið umfang:  
Sjúkratryggingar Íslands hafa í umsjón og greiða fyrir liði sem að nema 71,6 milljörðum króna.

Því til viðbótar hafa SÍ nú í umsjón liði sem að eru í svokölluðum greiðslufyrirmælum til Fjársýslu ríkisins og nema þeir 13,8 milljörðum króna á árinu 2017.

Samtals liðir í umsjá SÍ eru því 85,4 milljarðar króna.

Öldrunarstofnanir og Sóltún voru flutt til SÍ í ársbyrjun 2016.

Ný lög um opinber fjárlög (LOF) tóku gildi 1. janúar. Fjárlög voru sett fram með nýrri framsetningu sem byggðist á málefnaviðum og -flokkum, en í fylgiriti fjárlaga er tengt við eldri framsetningu eða númerin á fjárlagaliðunum.

Í fjárlögum 2017 eru sameinaðir fjárlagaliðirnir slysatryggingar og sjúklingatrygging ásamt sjúkradapeningum sem áður heyrðu undir sjúkratryggingar. Nýi fjárlagaliðurinn ber heitið Bætur vegna veikinda og slysa

Útgjöld Sjúkratrygginga jukust úr 40.092 m.kr. 2016 í 41.610 m.kr. árið 2017 eða um 1.518 m.kr. Að teknu tilliti til flutnings sjúkradagpeninga af fjárlagaliðnum nam aukningin 1.879 m.kr.

Aukningin liggur að mestu leyti í útgjöldum Þjálfunar eða 1.355 m.kr. Aukningu útgjalda í Þjálfun má rekja til breytingar á greiðslubáttökukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu sem tók gildi í maí 2017. Ahrif breytinganna á útgjöldin er gerð skil í Staðtölunum, m.a. í sérstöku ítarefni.

Nokkrar nýjar töflur og ítarefni eru í Staðtöluhlutanum í þessari útgáfu:

- Í nýrri töflu nr. 1.6 er útgjöldum vegna nýs greiðslubáttökukerfis heilbrigðisþjónustu gerð skil og auk þess er ítarefni um útgjöld vegna Þjálfunar.
- Sérstakt ítarefni er um útgjöld tannlækninga barna en í árslok 2017 nær samningur sem innleiddur var í áföngum frá árinu 2013 yfir aldurshópinn frá 3 ára til 17 ára.
- Töflur 1.16 og 1.17 eru nýjar töflur sem sýna fjölda umsókna um brýna meðferð erlendis og fjölda greiddra mála eftir sjúkdómsflokkum og útgjöld vegna þeirra.
- Í töflum nr. 4.1 og 4.2 eru yfirlit yfir heilsugæslu höfðborgarsvæðisins, fjöldataölur og útgjöld, sundurliðað eftir heilsugæslustöðvum.
- Hjúkrunar- og dvalarrýmum er gerð skil í nýjum töflum nr. 5.1 – 5.4. Þar er m.a. sundurliðað útgjöld eftir heilbrigðisumdæmum og yfirlit yfir fjölda einstaklinga í rýmum skipt eftir kyni og aldersbilum.



### Tannlækningar

Á árinu 2017 komu 78% af börnum 15-16 ára skráðum á Íslandi til tannlæknis hér á landi, en árið 2017 var hlutfallið 67%, þ.e. áður en samningur um tannlækningar barna var innleiddur (sjá nánar ítarefni um tannlækningar í Staðtölum).



63% 37%

### Hjúkrunar- og dvalarrými

Konur eru 63% og karlar 37% af einstaklingum á hjúkrunar- og dvalarheimilum á samningi við SÍ, en þegar horft er til aldurshópsins 85 ára og eldri eru hlutfall kvenna 69% og hækkar í 73% fyrir aldurshópinn 90 ára og eldri.



### Sjúkrabjálfun

Útgjöld sjúkratrygginga vegna sjúkrabjálfunar jukust úr 2,4 m.a. árið 2016 í 3,7 m.a. árið 2017 eða um 54%, en nýtt greiðslubáttökukerfi var tekið í notkun í maí 2017.


Eftir gildistöku nýja greiðslubáttökukerfisins lækkaði hlutfall einstaklinga í heildarkostnaði sjúkrabjálfunar. Einstaklingar greiddu að meðaltali 42% í heildarkostnaði áður (maí til des. 2016) en lækkaði í 18% eftir breytingu (maí til des.17).



### Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Komur á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu voru tæplega 500 þús. á árinu 2017. Nýtt fjármögnunarkerfi var tekið upp fyrir heilsugæslustöðvar sem byggir á að fjármagn til rekstrar endurspegl þann skjólstæðingahóp sem heilsugæslan þjónar.

## Réttindagreiðslur Sjúkratryggingar og Bætur vegna veikinda og slysa, hlutfallsleg skipting 2017





# Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2017

Flokkun	Fjöldi samninga
Samningar um heilsugæslu- og lækniþjónustu	68
Erlendir samningar	17
Samningar um rannsóknir og myndgreiningu	15
Samningar um tannlækningar	7
Samningar um öldrunarþjónustu	4
Samningar um ljósmæðra- og hjúkrunarþjónustu	10
Samningar um þjálfun og endurhæfingu	33
Samningar um sálfræðiþjónustu	7
Samningar um krabbameinsleit	1
Samningar um áfengismeðferð	4
Samningar um sjúkraflutninga	13
Samningar um húðmeðferð	3
Samningar um gistingu og hótelpjónustu	2
Samningar um lyf	10
Samningar um hjálpartæki	66
Samningar um næringu	5
<b>Heildarfjöldi samninga</b>	<b>265</b>
Þar af:	
Samningar við Landspítala	34
Samningar við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	46



## Viðsemjendur og þjónusta

- Rammasamningur við sérgreinalækna um lækningar utan sjúkrahúsa. Samningurinn tekur til almennra lyflækna, augnlækna, barnageðlækna, barnalækna, blóðlækna, bæklunarskurðlækna, efnaskipta- og innkirtlalækna, endurhæfingarlækna, geðlækna, gigtarlækna, háls- nef- og eyrnalækna, hjartalækna, húðlækna, krabbameinslækna, kvensjúkdómalækna, lungnalækna, lýtalækna, sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, nýrnalækna, ofnæmis- og ónæmislækna, skurðlækna, smitsjúkdómalækna, svæfingarlækna, taugalækna, þvagfæraskurðlækna og öldrunarlækna
- Læknafélag Reykjavíkur um aðkomu sérgreinalækna að málefnum er varða rammasamning SÍ og sérgreinalækna
- Barnalæknaþjónustan ehf. um barnalækningar utan sjúkrahúsa
- Heimilislæknastöðin hf. um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar Lág múla
- Heimilislæknastöðin hf. um heilbrigðisþjónustu í fangelsum á Reykjavíkursvæðinu
- Salus ehf. um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar Salahverfi, Kópavogi
- Heilsugæsla Reykjavíkur ehf. um rekstur heilsugæslustöðvar að Urðarhvarfi
- Heilsugæslan Höfða ehf. um rekstur heilsugæslustöðvar að Bíldshöfða
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi heimilislækna um heimilislæknaþjónustu
- Læknavaktin ehf. um móttöku- og vitjanaþjónustu heimilislækna
- Læknavaktin ehf. um rekstur heilbrigðisráðgjafar og vegvísunar í símar 1700
- Sveitarfélagið Hornafjörður um rekstur heilbrigðisþjónustu
- Húðlæknastöðin ehf. um meðferð með lasertækjum
- Útlitslækning ehf. um meðferð með lasertækjum
- LaserSjón ehf. um laseraðgerðir á augum
- Sjónlag hf. um laseraðgerðir á augum
- Augljós laser augnlækningar ehf. um laseraðgerðir á augum
- LaserSjón ehf. um augasteinsaðgerðir
- Sjónlag hf. um augasteinsaðgerðir
- Augnlækna Reykjavíkur ehf. um aðgerðir með diode lasertækni til meðhöndlunar á gláku
- Miðstöð foreldra og barna ehf. um sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu og tengslaeflandi meðferð fyrir verðandi foreldra og foreldra með ungbörn
- Landspítali um aðgerðir sem fela í sér lokun á opi milli gátta í hjartaþræðingu (Amplatzer aðgerðir)
- Landspítali um Aortalokuskipti með þræðingartækni (TAVI aðgerð)
- Landspítali um einingarverð og gjaldskrá vegna ákveðinna verka sem unnin eru á dag- og göngudeildum

- Landspítali um endurnýjun á rafhlöðum í sjúklingum með ígrædd rafskaut í heila eða hrygg
- Landspítali um framleiðslutengda fjármögnun (DRG)
- Landspítali um heimflutning og gjörgæslu fyrir sjúkratryggða sem fá ígrætt HM-II hjálparhjarta í Gautaborg
- Landspítali um innri geislun vegna krabbameins í blöðruhálskirtli (brachytherapy)
- Landspítali um ígræðslu nýrna frá lifandi gjöfum
- Landspítali um íhluti vegna brennsluaðgerða við gáttatífi
- Landspítali um kuðungsígræðslu
- Landspítali um radiofrequency ablation (RFA) meðferð við krabbameini í lifur
- Landspítali um stofnfrumumeðferð
- Landspítali um söfnun og flutning á eítílfrumum frá Svíþjóð til Íslands og um chimerismapróf
- Landspítali um vinnureglur vegna læknismeðferðir barna erlendis
- Landspítali um þjónustu ADHD-teymis
- Sjúkrahúsið á Akureyri um augasteinsaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þátttöku í biðlistaátaki 2017
- Sjúkrahúsið á Akureyri um kæfisvefnrannsóknir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um liðskiptaaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um lyfjagjöf í auga
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í efnaskipta- og innkirtlalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í taugalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um blóðskilun – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í augnlækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í augnlækningum á Blönduósi
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í bæklunarlækningum, almennum skurðlækningum, lýtalækningum og þvagfæraskurðlækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í efnaskipta- og innkirtlalækningum á Blönduósi
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum og geðlækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðiþjónustu í þvagfæraskurðlækningum á Húsavík
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um sérfræðiþjónustu í krabbameinslækningum og kvensjúkdómalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um sérfræðiþjónustu í lungnalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu svæfingarlæknis
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sérfræðiþjónustu í augnlækningum – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um skimun fyrir kæfisvefni
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um aðstoðu og svæfingar vegna tannlækninga
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um þátttöku í biðlistaátaki 2017
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðiþjónustu í augnlækningum á Hólmavík og Hvammstanga
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum
- Verktakalæknar um tillögu að mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku af völdum slysa sem bótaskyld eru hjá Sí
- Þórður Harðarson um vinnu vegna tilkynninga um atvik sem bótaskyld kunna að vera
- Magnúas Páll Albertsson um læknisfræðilega ráðgjöf í málum sem varða sjúklingatryggingu
- Bupa Cromwell Hospital í London um meðferð með geislun (Gamma Knife) – Nýr samningur
- Children’s Hospital í Boston um meðferð barna
- Karolinska University Hospital í Stokkhólmi um stofnfrumumeðferð
- Karolinska University Hospital í Stokkhólmi um meðferð með geislun (Gamma Knife)
- Rigshospitalet í Kaupmannahöfn um þjónustu vegna PET-SCAN
- Sahlgrenska International Care í Gautaborg um lýtalækningar á meðfæddum göllum á höfði og andliti
- Sahlgrenska International Care í Gautaborg um líffæragjafir og líffæraígræðslu
- Landspítali vegna framkvæmdar á samningi Sí og Sahlgrenska sjúkrahússins í Gautaborg um líffæratöku og líffæraígræðslu
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð – Rammisamningur um heilbrigðisþjónustu
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um heilbrigðisþjónustu í sérstökum tilfellum
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um hjartaaðgerðir á börnum og ungmennum
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um þjónustu vegna Choline-PET-SCAN
- Landspítali vegna framkvæmdar samnings Sí og Skåne Care um hjartaskurðaðgerðir á börnum
- Landspítali um tilvik þegar nauðsynlegt er að fá sérgreinalækni sem starfar erlendis til að veita meðferð á sjúkrahúsi á Íslandi
- Íslenska kirkjan í Svíþjóð um aðstoð við sjúklinga í Gautaborg á vegum Sí
- Ingibjörg Helgadóttir um aðstoð við sjúklinga í Stokkhólmi og nágrenni á vegum Sí
- Álfhildur Þórðardóttir um aðstoð við sjúklinga í Lundi og nágrenni á vegum Sí – Nýr samningur
- Læknisfræðileg myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu
- Íslensk myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu
- Myndgreiningarrannsóknarstöð Hjartaverndar ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu – Nýr samningur
- Rannsóknarstofan Glæsibæ ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir
- Rannsóknasetrið í Mjódd ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir
- Vefjarannsóknarstofan ehf. um rannsóknir í líffærameinafræði
- Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði um lyfja og eiturefnarannsóknir

- Ellen Mooney um rannsóknir í húðmeinafræði
- Krabbameinsfélag Íslands um rannsóknir í frumumeinafræði
- Landspítali um rannsóknir í frumumeinafræði
- Landspítali um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í líffærameinafræði
- Rammasamningur við sjúkrastofnanir um rannsóknir sem pantaðar eru af sjálfstætt starfandi læknum
- Hjartavernd ses. um kaup á þjónustu af Rannsóknarstöð Hjartaverndar vegna hóp- og vísindarannsóknna
- Rammasamningur við tannlækna um tannlækningar barna
- Tannlæknafélag Íslands um tannlækningar barna
- Tannlæknafélag Íslands um rafræn samskipti og aðgerðaskrá
- Peter Holbrook og Stefán Pálmason um munnlyflæknisfræði
- Tannlæknaeild Háskóla Íslands/Landspítali um nauðsynlegar tannlækningar
- Tannlæknaeild Háskóla Íslands/Landspítali um tannlækningar á göngudeild
- Tannlækningastofnun HÍ um skoðun sjúklinga í tengslum við athugun á veittri tannlæknaþjónustu
- Rammasamningur við hjúkrunarheimili um þjónustu hjúkrunarheimila
- Öldungur hf. um rekstur hjúkrunarheimilis að Sóltúni 2 í Reykjavík
- Reykjavíkurborg um sértæk hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með mjög sérhæfðar hjúkrunar- og umönnunarþarfi
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með fægni og heilsumat (biðhjúkrunarrými) – Nýr samningur
- Rammasamningur við ljósmæður vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum
- Reykjavíkurborg um hjúkrun í heimahúsum
- Karitas um sérhæfða líknarmeðferð í heimahúsum
- Heilsuefningarmiðstöðin um sérhæfða hjúkrunarmeðferð fyrir börn í heimahúsum
- Heimahlynning á Akureyri um sérhæfða líknarmeðferð í heimahúsum
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um heimahjúkrun
- Sjúkrahúsið á Akureyri um aðstöðu fyrir starfsemi Heimahlynningar á Akureyri og aðstoð við meðferð sjúklinga
- Landspítali um aðgang að sjúkraskrá, aðgengi að klínískum kerfum og ráðgjöf varðandi meðferð sjúklinga Karitas
- Landspítali um öflun og rekstur rúmmálsstýrðra öndunarvéla í heimahúsum ásamt þjónustu (CPAP, BIPAP)
- Landspítali um hjúkrunarfræðilega ráðgjöf um súrefnisþjónustu í heimahúsum
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara um sjúkraþjálfun utan sjúkrahúsa
- Rammasamningur við sjúkrastofnanir um sjúkraþjálfun á göngudeild
- Viðaukar við rammasamning SÍ og sjúkraþjálfara vegna einstaka sjúkraþjálfara sem sinna sjúkraþjálfun í dreifðari byggðum
- Félag sjúkraþjálfara um aðkomu félagsins að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og sjúkraþjálfara
- Sjálfsbjörg Akureyri um sjúkraþjálfun
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heimilislæknastöðin hf. um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Salus ehf. um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Landspítali um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Reykjalundur um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Reykjalundur um þverfaglega endurhæfingu
- Náttúrulækningafélag Íslands um þverfaglega endurhæfingu á HNLFI
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um sjúkra- og iðjuþjálfun barna og ungmenna
- Endurhæfing ehf. um þjálfun einstaklinga með fjölbættar skerðingar og ráðgjöf til þeirra
- Þraut ehf. um þverfaglega greiningu og endurhæfingu fyrir einstaklinga með vefjagigt
- HL stöðin á Akureyri um endurhæfingu og þjálfun
- HL stöðin í Reykjavík um endurhæfingu og þjálfun
- Rammasamningur við talmeinafræðinga um talmeinaþjónustu
- Rammasamningur við sveitarfélög eða stofnanir þeirra um talmeinaþjónustu
- Félag talmeinafræðinga á Íslandi um aðkomu félagsins að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og talmeinafræðinga
- Viðaukar við rammasamninga SÍ og talmeinafræðinga vegna einstaka talmeinafræðinga sem sinna talmeinaþjónustu í dreifðari byggðum
- Gígtarfélag Íslands um iðjuþjálfun
- Sjálfsbjörg Akureyri um iðjuþjálfun
- Rammasamningur við sálfræðinga um sálfræðimeðferð fyrir börn og unglunga
- Barnspítali Hringisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- BUGL um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Sjúkrahúsið á Akureyri um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Krabbameinsfélag Íslands um skipulagða leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum
- SÁÁ um áfengis- og vímuefnaeðferð á sjúkrahúsinu Vogu
- SÁÁ um dagdeildarþjónustu fyrir áfengissjúka

- SÁÁ um viðhaldsmeðferð gegn óríumfíkn
- Meðferðarheimilið í Krýsuvík um langtíma áfengis og vímuefnaþerð
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu
- Brunavarnir Suðurnesja um sjúkraflutninga á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
- Akureyrarbær um sjúkraflutninga á svæði heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sjúkraflutninga til og frá Hrísey og Grímsey
- Rauði krassinn á Íslands um útvegum og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga
- Mýflug hf., í kjölfar útboðs, um sjúkraflug innanlands
- Landhelgisgæslan um sjúkraflug með þyrlu
- Ernir ehf. um sjúkraflug til útlanda
- Mýflug hf. um sjúkraflug til útlanda
- Landhelgisgæslan um sjúkraflug til útlanda
- Akureyrarbær um þjónustu sjúkraflutningsmanna við sjúkraflug innanlands
- Sjúkraflug ehf. um þjónustu fylgdarmanna í áætunarflugi innanlands
- Flugfélag Íslands um sjúkrarúm í innanlandsflugi
- Bláa lónið hf. um húðmeðferð fyrir psoriasis- og exemsjúklinga
- Húðlæknastöðin ehf. um ljósmeðferðir vegna húðsjúkdóma
- Rammasamningur um ljósmeðferðir vegna húðsjúkdóma
- Rammasamningur við rekstraraðila gististaða á höfuðborgarsvæðinu um kaup á gistingu og hótelpjónustu
- Rammasamningur við rekstraraðila gististaða á Akureyri um gistipjónustu á Akureyri
- Landspítali um afgreiðslu og umsýslu S-merktra og/eða leyfisskyldra lyfja á dag- og göngudeildum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um afgreiðslu S-merktra og/eða leyfisskyldra lyfja á dag- og göngudeildum
- Rammasamningur við lyfsala um fyrirkomulag pantana og afgreiðslu tiltekinna lyfja
- Artasan ehf., GlaxoSmithKline ehf., Icepharma hf., Lyfjaver ehf., Portfarma ehf., Vistor hf. og Williams & Halls ehf. um fyrirkomulag pantana og afgreiðslu tiltekinna lyfja
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um bað- og salernishjálpartæki við Eirberg ehf., Fastus ehf., Stoð hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um fólkslyftara við Icepharma hf. og Titus ehf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um gervilimi og viðaukasamningur um viðhalds og viðgerðarpjónustu við Stoð hf. og Össur Iceland ehf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um hjólastóla og gönguhjálpartæki við Eirberg ehf., Fastus ehf. og Stoð hf.
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um hjólastóla við Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um fylgihluti hjólastóla við Sérmót ehf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um sjúkrarúm og fólkslyftara við Eirberg ehf., Fastus ehf., Stoð hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um spelkur og viðaukasamningur um viðhalds og viðgerðarpjónustu við Eirberg ehf., Fastus ehf., Stoð hf. og Össur Iceland ehf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um vinnustóla og sérstaka barnastóla við Eirberg ehf., Fastus ehf. og Stoð hf.
- Endurhæfing ehf. um ráðgjöf sjúkrabjálfa í setstöðaráðgjafarhópi hjálpartækjamiðstöðvar Sí
- Samningar í kjölfar útboðs um kaup á bleyjum, netbuxum og undirleggjum auk samkomulags um bleyjur fyrir einstaklinga með sérþarfir við Eirberg ehf., Olíuverslun Íslands hf. og Rekstrarvörur ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um kaup á buxnableyjum við Eirberg ehf., Olíuverslun Íslands hf. og Rekstrarvörur ehf.
- Fastus ehf., Faxi ehf. – Geisli, Icepharma hf., Rafey ehf., Rafeyri ehf., Rafskaut ehf., Stoð hf., Stuðlaberg ehf., Titus ehf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. um viðgerðarpjónustu vegna hjálpartækja
- Orthos ehf., Skósmiðjan ehf., Stoð hf. og Stoðtækni ehf. um bæklunarskó ásamt tilheyrandi þjónustu
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um þvagleggi og þvagvörur við Fastus ehf., Icepharma hf. og Medor ehf.
- Securitas ehf., Slökkvilið Ísafjarðar og Öryggismiðstöð Íslands hf. um öryggiskallkerfisþjónustu
- Inter Medica ehf. um insúlíndætur
- Ísaga ehf. um súrefnisþjónustu í heimahúsum
- Donna ehf. og Ísaga ehf. um leigu á litlum, léttum og hreyfanlegum súrefnissíum
- Stoð hf. um greiðslur fyrir ferðir stoðtækjafræðinga út á land
- Landspítali og Lyra sf. um mótefnaskortsdætur
- Landspítali um umsýslu og úthlutun á raförvunartækjum til meðferðar við ökklaðumun
- Landspítali um umsýslu og úthlutun raförvunartækja vegna vandamála í grindarbotni
- Landspítali um umsýslu og úthlutun TNS raförvunartækja
- Landspítali um ökuhæfnismat (endurhæfingardeild Grensási)
- Sjúkrahúsið á Akureyri um húsnæðisaðstöðu og hjálpartækjaráðgjöf á Kristnesi
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um kaup á næringu um slöngu, fylgihlutum og næringardrykkjum við Icepharma hf.
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um kaup á Enfit sondusprautum og töppum
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um kaup, dreifingu og þjónustu á Vygon sonduleggjum, sprautum og fylgihlutum
- Icepharma hf. um dreifingu/afhendingu á næringu um slöngu og leigu á dælum til notkunar í heimahúsum
- Icepharma hf. um kaup og þjónustu varðandi aminósýrunæringu

#### **Greitt skv. reglugerð og gjaldskrá:**

- Hjúkrunarþjónusta við einstaklinga á dagdvalarrýmum öldrunarstofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2016 og eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, frá 1. janúar 2016
- Göngudeildarþjónusta fyrir áfengissjúka, frá 1. desember 2014
- Tæknifrjóvganir, frá 1. október 2011
- Tannlækningar aldraðra og öryrkja og barna yngri en 18 ára, frá 13. maí 2013



Staðtölur



# Sjúkratryggingar - Staðtölur 2017

## Utgjöld sjúkratrygginga

Tafla 1.1 Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2008-2017, milljónir kr.  
Health insurance in comparison with public expenditure on health care 2008-2017, ISK million


	Sjúkratryggingar <i>Health insurance</i>	Heilbrigðisútgjöld hins opinbera <sup>1)</sup> <i>Public expenditure on health care<sup>1)</sup></i>	Hlutfall <i>Ratio</i>
2008	22.158	112.154	19,8%
2009	30.837	118.879	25,9%
2010	29.170	115.145	25,3%
2011	29.985	118.563	25,3%
2012	30.934	124.179	24,9%
2013	32.178	132.779	24,2%
2014	34.611	142.800	24,2%
2015	36.863	155.303	23,7%
2016	40.078	172.233	23,3%
2017	41.592	184.758	22,5%

Skýringar:

1) Heimild: Hagstofa Íslands / Statistics Iceland

\* Breytt frá fyrri útgáfu til samræmis við töflu 1.2 þannig að fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru nú meðtaln í þessari töflu. Leiðrétt fjárhæð 2009 í samræmi við töflu 1.2 og dragast sértekjur frá gjöldum.

Útgjöld sjúkratrygginga sem hlutfall af útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála 2008-2017  
Health insurance and public expenditure on health care 2008-2017





Tafla 1.2 Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2013-2017, í milljónum kr.

Health insurance (health care outside institutions) by type of expenditure 2013-2017, ISK million

	2013	2014	2015	2016	2017	
<b>Lækniskostnaður</b>	<b>6.468</b>	<b>7.937</b>	<b>8.736</b>	<b>9.835</b>	<b>10.018</b>	<b>Medical treatment</b>
Almenn læknishjálp <sup>7)</sup>	217	230	252	288	278	General
Sérfræðilæknishjálp <sup>8)</sup>	5.928	7.342	8.116	9.145	9.367	Specialist
Læknisvottorð og annað greitt vegna lækna <sup>1)</sup>	12	14	11	9	11	Payments for health certificates issued by doctors
Endurgreiðslur til einstaklinga	311	351	357	393	361	Reimbursement on grounds of discount certificate
<b>Rannsóknir og slysastrafgjöld</b>	<b>359</b>	<b>348</b>	<b>306</b>	<b>441</b>	<b>348</b>	<b>Research and emergency services</b>
Rannsóknir á rannsóknarstofum stofnana	359	348	306	441	348	Research in institutions
<b>Aðrar heilbrigðisstéttir</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>4</b>	<b>Other health professionals</b>
<b>Lyf</b>	<b>8.218</b>	<b>8.389</b>	<b>8.557</b>	<b>8.362</b>	<b>8.231</b>	<b>Medicine</b>
Lyfjabúðir <sup>2)</sup>	8.218	8.389	8.557	8.362	8.231	Pharmacy
<b>Lyf með S-merkingu <sup>6)</sup></b>	<b>6.387</b>	<b>6.431</b>	<b>6.565</b>	<b>7.251</b>	<b>7.123</b>	<b>"S-labelled" medications</b>
<b>Hjálpartæki <sup>3)</sup></b>	<b>3.213</b>	<b>3.254</b>	<b>3.412</b>	<b>4.011</b>	<b>4.326</b>	<b>Assistive technology equipment</b>
<b>Næring og sérþæði <sup>9)</sup></b>	<b>215</b>	<b>225</b>	<b>244</b>	<b>238</b>	<b>224</b>	<b>Nutrition and special nourishment</b>
<b>Hjúkrun í heimahúsum</b>	<b>197</b>	<b>202</b>	<b>227</b>	<b>247</b>	<b>251</b>	<b>Home nursing</b>
